

Tillaga Flokks fólksins um að Strætó bs. skipuleggi strætóferðir inn í Þorpið

Flokkur fólksins leggur til að strætó aki inn í Þorpið í Gufunesi, að Þorpið verði einfaldlega hluti af almenningssamgangnakerfinu. Engar almenningssamgöngur eru í vistþorpinu utan þess að hægt er að hringja á leigubíl.

Greinargerð

Fólk sem fjárfesti í íbúð í Þorpinu var lofað að hægt væri að lifa þar bíllausum lífsstíl en hefur orðið að kaupa sér bíl þar sem engar almenningssamgöngur standa þessu fólki til boða. Bílastæði eru fá sem bæta þarf úr hið snarasta. Fólk hefur neyðst til að leggja ólöglega og nú er bílastæðasjóður farin að sekta bíleigendur sem hvergi geta lagt bílnum sínum. Það er ámælisvert að meirihlutinn geti ekki tryggt aðgang að almenningssamgöngum í íbúðahverfi í Gufunesi sem hefur verið kynnt sem vistþorp.

Án almenningssamgangna kemst fólk ekki spönn frá rassi enda all langt í almenningssþjónustu. Í grein sem íbúi skrifaði í des. 2021 á visi.is segir:

“Næsta strætóstoppistöð er í 20-25 mínútna göngufjarlægð, en þá leið getur manneskja einungis farið ef hún er fullfær og ófötluð enda liggur sú leið upp brattan, ólýstan slóða í gegnum móa (einungis er um slóða að ræða, enga formlega leið eða gangstétt). Og ef manneskja ætlar að taka strætó með barnavagn þá þarf hún að ganga um 45 mínútna leið - og úti á miðjum Gufunesveginum, því engin gangstétt er þar meðfram heldur,“

Einnig eru alvarlegar athugasemdir gerðar við að skortur sé á göngustígum sem liggja að hverfinu. Almenningssamgöngur í Gufunesið snúast ekki bara um íbúana sjálfa heldur einnig fjölskyldur og vini þeirra sem vilja koma í heimsókn.